

skal og greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflyttingslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó þannig, að hegningin sé 10 mánaða betrunarhúsvinna. Ákærði Guðni Guðnason greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflyttingslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 41/1899:

Réttvísinn

gegn

Helga Ingimundssyni.

D ó m u r:

Með dómi aukaréttar Árnæssýslu, upp kveðnum 22. júní þ. á., var hinn ákærði Helgi Ingimundsson, vinnumaður í Litlu-Sandvík, dæmdur samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 234. gr. 1. og 2. lið, fyrir einfaldan þjófnað og stórþjófnað til að sæta betrunarhúsvinnu í 2

ár og 6 mánuði, og til að greiða allan kostnað sakamálsins gegn honum, þar með talin málsvarnarlaun 4 kr. til hins skipaða verjanda hans í héraði, hreppstjóra Þorvarðar Guðmundssonar. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins af hlutadeigandi amtmanni réttvísinnar vegna.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, sem fengnar hafa verið í málinu, er það sannað, að ákærði hefir gert sig sekan í glæpum þeim, er nú skal telja. Á vetrarvertíðinni 1898 tók hann að ófrjálsu töluvert af afla sínum, sem var eign húsbónda hans, bæði þorsk og ýsu, og lagði fisk þennan inn í verzlanir á Stokkseyri, og tók ýmislegt út á hann, einkum tóbak og brennivín, sem hann síðan eyddi. Tók hann þannig smátt og smátt af aflanum um 100 fiska talsins, eftir því, sem upplýst er í málinu, og hann hefir kannast við. Rétt fyrir jólin 1898 stal hann frá húsbónda sínum 9 pd. haustullar með þessum atvikum. Hann var sendur niður að Stokkseyri; en áður en hann færi af stað þangað, krækti hann upp hlera á norðurþilinu á geymsluhúsi á Litlu-Sandvík til þess að geta komist inn í húsið næstu nótt. Hann kom um nóttina heim til sín frá Stokkseyri og var fólk alt þá í svefni, fór hann þá um hleragatið inn í geymsluhúsið, stakk upp með vasahníf sínum læsinguna á byrðu einni, sem var þar, og stal ullinni úr byrðunni. Fór hann þegar með ullina ofan á Stokkseyri, lagði hana inn í verzlun, og tók út á hana brennivín, súkkuláði og kaffibrauð, sem hann eyddi síðar.

Þennan sama dag, sem var Þorláksmessa, stal hann 5 pd. stykki af munntóbaki og á að gizka 2 pd. af upprakinni rullu úr opnum kassa í vöru-geymsluhúsi norður af sölubúð Ásgeirs Sigurðssonar á Stokkseyri; fór hann inn í geymsluhúsið um dyrnar, sem voru ólæstar. Á 3. dag jóla næst á eftir var hann sendur til Stokkseyrar; fór hann þá í rökkrinu inn í þetta sama geymsluhús, og stal þá á sama stað 5 pd. stykki af munntóbaki. Sumt tókbakið, sem hann stal, seldi hann, en sumt brúkaði hann sjálfur. Loksins hefir ákærði kannast við það, að hann hafi á jólaföstunni þennan sama veturstolið 22 kr. (þ. e. 2 10 króna seðlum og 1 2 krónu-pening) frá Guðmundi lækni Guðmunds-syni, með þeim hætti, að ákærði fór ofan í buxnavasa Guðmundar, meðan þeir stóðu úti undir sjóbúðarvegg og voru að tala samæn, náði peningabuddu upp úr vasanum, tók úr henni ofanefnda peninga, og lét síðan budduna aftur ofan í vasa Guðmundar, án þess að hann yrði nokkurs var. Peningum þessum varði ákærði mestmegnis til brennivins- og tóbakskaupa.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 17. maí 1872, og hefir honum áður verið refsað fyrir eftirnefnda glæpi: 1. fyrir skjalfafals og þjófnað með 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð samkvæmt aukaréttardómi Vestmannaeyja-sýslu 9. júní 1893; 2. fyrir einfaldan þjófnað framinn í 2. sinn með 8 mánaða betrunarhúsvinnu samkvæmt aukaréttardómi sömu sýslu 13. apríl

1894; 3. fyrir þjófnað framinn í 3. sinn með 1 árs betrunarhúsvinnu samkvæmt landsyfirréttardómi 8. júní 1896. Fyrir afbrot þau, er hinn ákærði nú hefir gjört sig sekan í, ber að dæma hann eftir 255. gr., 234. gr. 1. málslið, og sömu greinar 2. málslið í hinum almennu hegningarlögum, og þykir refsingin með hliðsjón af 63. gr. laganna hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 3 ár. Það at-  
hugast, að iðgjalda hefir eigi verið krafist í málinu, enda hefir þýfið eigi alt verið metið til peningaverðs, sem þó hefði átt að gjöra. Með því að yfirdómurinn felst á ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað, verður téður dómur staðfestur með greindri breytingu að því hegningartímann snertir. Ákærði skal einnig greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó þannig, að hegningartíminn verði 3 ár. Ákærði Helgi Ingimundsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 23/1899:

Ingvar Þorsteinsson  
 gegn  
 Jóhanni Þorkelssyni.

### D ó m u r :

Sóknarpresturinn í Reykjavík, dómkirkjuprestur Jóhann Þorkelsson, höfðaði mál þetta í héraði gegn tómt húsmanni Ingvari Þorsteinssyni til greiðslu á prestsgjöldum fyrir árin 1892—1898, og var málið dæmt í bæjarþingsrétti Reykjavíkur 8. júní þ. á. á þá leið, að Ingvar Þorsteinsson skyldi greiða dómkirkjuprestinum hin umstefnu gjöld fyrir þau ár, sem sannað er, að hann hafi verið búsettur í Reykjavík sem húsmáður, nl. árin 1893—1898, að upphæð samtals 12 kr. 29 aur., en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefir Ingvar Þorsteinsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 12. júlí þ. á., og hefir hann krafist þess, að hann verði sýkn dæmdur fyrir kröfum dómkirkjuprestins, og að presturinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum. Af sinni hálfu hefir dómkirkjuprestur Jóhann Þorkelsson krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað.

Það er sannað í málinu, að áfrýjandi hefir verið tómt húsmáður, húseigandi og húsráðandi í